

2. Stefndi Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðnes-hrepps greiði kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Gerða- og Miðneshrepps, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar kr. 1500.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 7. maí 1943 til greiðsludags og kr. 300.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég er samþykkur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel að sýkna beri Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps af öllum kröfum í málinu, þar eð félagið hafi engin slík afskipti haft af landlegu báta, sem Finnbogi Guðmundsson í Gerðum telst útgerðarmaður fyrir, að við lög varði.

Miðvikudaginn 16. ágúst 1944.

Nr. 8/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verk-  
smiðjufólks í Reykjavík (Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðn-  
rekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F.

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Mál út af kærui um brot á 18. gr. laga nr. 80/1938.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 9. þ. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 31. f. m. féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur sá, dags. 30. júlí 1943, er í gildi hafði verið milli Iðju- og Félags ísl. iðnrekenda, og þann 1. þ. m. hófst verkfall af hálfu Iðju hjá iðnrekendum yfirleitt. Í Niðursuðuverksmiðju S. Í. F. unnu, þegar verkfallið hófst, aðeins tveir félagsmenn úr Iðju og lögðu þeir niður vinnu. Að öðru leyti unnu þar félagskonur úr Verkakvannafélaginu Framsókn. Lögðu þær niður vinnu einn dag, en tóku hana

svo upp aftur, og hélt rekstur verksmiðjunnar áfram á sama hátt og áður, þrátt fyrir verkfallið, en vélstjóri, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri verksmiðjunnar, sem ekki eru í verklyðsfélagi, bættu á sig störfum Iðjumannanna tveggja.

Stefnandi telur, að með því að halda áfram rekstri verksmiðjunnar með þeim hætti, sem lýst hefur verið, hafi forráðamenn hennar gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938. Eru dómkröfur hans þær, að stefndi verði sektaður fyrir að hafa stuðlað að því að afstýra löglega hafinni vinnustöðvun með aðstoð meðlima stéttarfélags innan Alþýðusambands Íslands. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að Niðursuðuverksmiðja S. Í. F. hafi samkvæmt áðurnefndum samningi milli aðilja máls þessa, frá 30. júlí 1943, verið talin meðal þeirra iðnrekenda, er samningur sá hafi náð til og hafi svo verið frá því árið 1939. Í 24. gr. þess samnings sé svo ákveðið, að allt verksmiðjufólk hjá félögum Félags isl. iðnrekenda, sem samningurinn nái yfir, skuli vera félagar í Iðju. Undanskildir eru þó eftir 25. gr. meistarar og verkstjórar. Þá hafi verið skylt samkv. 26. gr. sama samnings að tilkynna Iðju allar breytingar á starfsmannahaldi og hafi Fél. isl. iðnrekenda tilkynnt um starfsmannahald hjá niðursuðuverksmiðjunni, bæði að því er snerti félagsfólk úr Iðju og starfsfólk úr öðrum verklýðsfélögum eða ófélagsbundið, og þar með viðurkennt, að þessi störf heyrðu undir verksvið Iðju. Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að störf í nefndri verksmiðju heyrri undir starfssvið Iðju, eins og það var samkvæmt áðurgildandi samningi, þegar verkfallið hófst. Verkfall Iðju, það er hófst 1. þ. m., eigi því að lögum líka að ná til þessarar verksmiðju, án tillits til þess, hvort vinnan þar hafi verið unnin af félagsfólki úr Iðju eða öðrum. Stefnandi kveður það vera reglu og að því unnið innan verklýðssamtakanna, að ekki sé við því amast, þó félagar úr einu verklýðsfélagi vinni á verksviði annars félags, eins og hér hafi átt sér stað, en slíkt eigi ekki að hafa í för með sér **neinn** réttindamissi fyrir það félag, er hlut á að máli. Hins vegar sé niðursuðuverksmiðjunni óheimilt samkvæmt 18. gr. laga nr. 80/1938 að halda áfram starfrækslu með aðstoð félagskvænna úr verkakvænnafélaginu Framsókn, eftir að Iðja hefur boðað verkfall, þar sem þær vinni á starfssviði Iðju, og með því að

gera slíkt, hafi stefndi gerzt brotlegur við nefnda lagagrein, því Framsókn sé í alþýðusambandinu, en það standi að verkfallinu. Heldur stefnandi samkvæmt framansögðu því fram, að takmörk verkfallsins eigi að miðast við það, sem kalla megí starfssvið Iðju, en sé ekki aðeins bundið við félagsmenn þess félags.

Stefndi krefst sýknu á þeim grundvelli, að umrætt verkfall nái ekki til annarrar vinnu í umræddri verksmiðju S. Í. F. en þeirrar, sem áður nefndir tveir menn unnu, en hún sé nú unnin af ófélagsbundnum mönnum, og sé slík framkvæmd ekki refsiverð. Hins vegar hafi, er verkfallið hófst, önnur almenn störf þar verið unnin af konum úr verkakvinnafélaginu Framsókn. Þær vinni samkvæmt samningi milli þess félags og Vinnuveitendafélags Íslands frá 14. sept. 1942 og viðbótarsamningi frá 10. maí 1944, svo og samningi milli Framsóknar og niðursuðuverksmiðjunnar frá 9. okt. 1942 og hafi Iðju verið kunnugt um samninga þessa. Hann kveður, að verkfall Iðju sé stúlkum þessum algerlega óviðkomandi. Þær fari ekki á neinn hátt inn á starfssvið þeirra tveggja manna úr Iðju, er lagt hafi niður vinnu. Telur hann, að ekki verði að þessu leyti byggt neitt á ákvæðum frammanefndrar 24. gr. áðurgildandi samnings, því Iðju hafi verið fullkunnugt um, að konur úr öðru félagi unnu í verksmiðjunni, og hún samþykkt það með þögninni. Verkfallsákvörðun Iðju, segir hann, nær aðeins til félagsfólks í því félagi, en getur ekki náð til fólks í öðrum verklyðsfélögum, að því er varðar venjulega vinnu þess. Forráðamönnum niðursuðuverksmiðjunnar hafi því verið fullkomlega heimilt að halda áfram rekstri hennar á þann hátt, sem gert var, og ekki með því á neinn hátt gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938.

Starfskonur þær, er nú vinna í niðursuðuverksmiðju S. Í. F. og um ræðir í máli þessu, eru félagskonur í verkakvinnafélaginu Framsókn og taka laun samkvæmt samningi við það félag. Þær eru ekki félagskonur í Iðju og hafa ekki tekið þátt í ákvörðun þess félags um að hefja verkfall það, er nú stendur yfir. Það er upp komið í málinu, að sú regla hefur að staðaldrei viðgengilt í niðursuðuverksmiðjunni, að þar ynnu aðallega félagskonur úr Framsókn. Hefur þetta verið með vitund og þegjandi samþykki forráðamanna Iðju og höfðu þeir ekki, meðan enn var í gildi samningur milli þess félags og Félags ísl. iðnrekenda, heimt sér rétt þann, er þeir byggja á 24. gr.

Þess samnings, að allt verkafólk í niðursuðuverksmiðjunni væri félagsfólk í Iðju. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkfallsboðun Iðju hafi, eins og á stóð, átt að leiða til verkfalls hjá þeim félagskonum Framsóknar, er unnu í verksmiðjunni, er verkfallið hófst. Var forráðamönnum hennar því vítalaust að láta þær halda áfram sömu störfum og þær áður unnu og hafa ekki með því gerzt brotlegir við 18. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda vegna Niðursuðuverksmiðju S. Í. F., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. ágúst 1944.

Nr. 9/1944. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar (Gústaf A. Sveinsson hrl.)  
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af kæru um ólöglegt samúðarverkfall.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 10. þ. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda vegna Stáltunnugerðar J. B. Péturssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar og gerir stefnandi þær dómkröfur í málinu:

1. Að ólöglegt verði dæmt verkfall það, er verkamannafé-